

## Jafnrétti og mannréttindi

### Tékklisti

- Eru skýrar samskiptareglur?
  - Eru reglur varðandi virðingu?
  - Eru ákveðin orð og setningar ekki samþykkt (s.s faggi, aumingi, hlussa o.s.fv.)?
  - Er fylgst með kynferðislegri áreitni í orðum og athöfnum? Er slíkt ávarpað og stöðvað strax?
- Eru vond samskipti alltaf brotin upp eða er sumt látið óáreitt?
  - Hvað er látið óáreitt og af hverju? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
- Er staðalmyndum ögrað eða eru þær styrktar?
  - Gætir starfsfólk þess að tala við starfsfólk sem einstaklinga en ekki sem tvo hópa stelpur og stráka?
  - Gætir starfsfólk þess að taka ekki dæmi sem styrkir staðalmyndir, s.s. að strákar ættu að slá grasið því þeir séu líkamlega sterkari?
  - Fá stelpur og strákar sömu verkefni óháð kyni?
  - Fær annað kynið oftast einhver verkefni en hitt kynið?
  - Er þess gætt að allir fái tækifæri til að vinna fjölbreytt verkefni og eru starfsfólk hvatt til að prófa eitthvað nýtt?
- Er þess gætt að andrúmsloft í vinnunni/bekknunum/hópnum sé þess eðlis að allir geti látið rödd sína heyrast?
- Fær allt starfsfólk hrós á einhverjum tímapunkti? Er þess gætt að stelpur og strákar fái ekki ólíkt hrós út frá kyni? (Dæmi: stelpum hrósað fyrir stundvísi og fyrir að ganga vel um en strákum fyrir að vera hörkuduglegir)
- Er hugað að því að allir geti blómstrað í vinnunni/bekknunum/hópnum óháð uppruna, kyni, líkamlegu atgervi o.s.fv.?